

FUNDARGERÐ HREPPSNEFNDAR

Fimmtudaginn 12. júní 2002 var fundur haldinn í Hreppsnefnd Höfðahrepps á skrifstofum hreppsins kl 14⁰⁰.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Jensína Lýðsdóttir, Gunnar Þór Gunnarsson, Gígja H. Óskarsdóttir og Magnús B. Jónsson.

Oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Ársreikningur sveitarsjóðs og stofnana:

Fyrir fundinum lá ársreikningur sveitarsjóðs og stofnana til annarrar umræðu.

Ársreikningurinn var óbreyttur frá því sem lá fyrir fundi 10. júní sl. Einnig lá fyrir fundinum endurskoðendabréf Ólafs Kristinssonar PwC. Í bréfinu er bent á nokkur atriði ársreikningsins sem endurskoðandi telur rétt að vekja athygli hreppsnefndar á.

Ársreikningurinn var samþykktur.

2. Framkvæmdir ársins.

Sveitarstjóri lagði fram og kynnti kostnaðaráætlun vegna eftirtalinna hugmynda um framkvæmdir sveitarfélagsins:

- Málun Fellsborgar
- Endurbyggingu íþróttavallargirðingar
- Jarðvegsskipti og malbikun Norðurbrautar og Vetrarbrautar.

Samþykkt að leita verðtilboða í málun Fellsborgar og endurbyggja íþróttavallargirðingu en gera frekari úttekt á gatnagerðaframkvæmdum áður en ákvörðun er tekin um verkefni í gatnagerð.

3. Kántrýhátíð 2002

Fyrir fundinum lágu samantektir um áætlaðan kostnað vegna hátíðarinnar sem framkvæmdastjóri hennar Sigurður Sigurðarson hafði tekið saman.

Samkvæmt áætlunum var gert ráð fyrir að kostnaður við hátíðina geti numið um 14 milljónum króna. Mikil umræða varð um Kántrýhátíðina og hvort verjandi sé að halda áfram undirbúningi að henni.

4. Leikskólinn Barnaból (gjaldskrá)

Fyrir fundinum lá tillaga að hækkun gjaldskrár leikskólans um 2,55% skv. vísitölu neysluverðs. Tillagan var unnin af leikskólastjóra.

Tillagan var samþykkt.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl. 17.⁰⁰

Magnús B. Jónsson
(sign)

Adolf H. Berndsen
(sign)

Gunnar Þór Gunnarsson
(sign)

Jensína Lýðsdóttir
(sign)

Birna Sveinsdóttir

1003/3

Hreppsnefnd Höfðahrepps
Fundargerðir

(sign)